
Vinarbæjarmót 2006 í Horsens í Danmörku

Þema: Söngur

Frá Blönduósi fóru tvö ungmenni, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir (22 ára) og Ása Lind Elíasdóttir (18 ára). Helga Kristín Gestsdóttir (25 ára) var leiðbeinandi.

Frá hinum vinarbæjunum voru:

Moss (Noregi)- 10 þátttakendur, 1 leiðbeinandi og 2 úr stjórnslunni.

Nokia (Finnland)- 8 þátttakendur, 2 leiðbeinendur og 4 úr stjórnslunni.

Karlstad (Svíþjóð)- 11 þátttakendur, 2 leiðbeinendur og 3 úr stjórnslunni.

Horsens (Danmörku)- 10 þátttakendur, 2 leiðbeinendur og 2 úr stjórnslunni.

Lagt var af stað frá Blönduósi sunnudaginn 25. júní 2006 og gistum við í Keflavík. Flugíð var tekið til Kaupmannahafnar snemma á mánudagsmorgun. Við tókum svo lest frá Kastrup til Horsens og lentum við í milkum ævintýrum í lestinni þar sem hún bilaði. Við þurftum að skipta fjórum sinnum um sæti með allan farangurinn og óhætt að segja að við vorum frekar stressaðar yfir þessu. Klukkutíma seinkun var á lestinni. Ingvarð, leiðbeinandi frá Horsens, sótti okkur svo á lestarstöðina og skilaði okkur á gististaðinn okkar sem var grunnskóli (mitbyskolen) í hjarta Horsens. Fólkið frá Finnlandi var mætt á undan okkur og týndust svo hinir þátttakendurnir hægt og rólega á gististaðinn. Fólkið frá Danmörku kom á þriðjudagmorgninum. Við vorum í herbergi með þeim.

Á þriðjudagsmorgun var svo vaknað snemma. Eftir morgunmat var haldið í ráðhús Horsens þar sem formleg setning mótsins fór fram. Hanne Damgard sem er yfir menningarsviði í Horsens hélt tölu um Horsens, í framhaldi af því kynntu ungmennin og leiðbeinendur sig og héldu kynningu á heimabæ sínum. Við frá Blönduósi vorum búnar að búa til myndband til að kynna Blönduós með myndum og hreyfimyndum. Kynningin tókst einstaklega vel og snart alla.

Þema þessa móts var söngur og voru fengnir þrír kennarar til að kenna okkur í þrjá daga. Hópnum var skipt í tvo hópa sem æfðu í sitthvoru lagi með kennurunum. Sungin voru klassíklög, dægurlög og eitt gospelslag. Útitónleikar voru svo haldnir í miðbæ Horsens síðasta dag mótsins. Tónleikarnir heppnuðust mjög vel og voru allir sáttir við afrakstur harðra æfinga dagana á undan, þrátt fyrir stuttan tíma og misjafna reynslu þátttakanda af söng. Þátttakendurnir lærðu mikið um söng og hvernig ætti að beita röddinni.

Á þriðjudagskvöldinu var farið í leikhús í Horsens og skoðað sig um. Við fengum upplýsingar um hvaða starfsemi færi þar fram og hvernig fyrirkomulag væri á henni. Kvöldin enduðu svo yfirleitt á að spilað var á hljóðfæri og sungið fram á nótt.

Á miðvikudeginum fórum við í langan göngutúr með leiðsögumanni um miðbæ Horsens. Við skoðuðum helstu kennileiti í miðbænum og fengum upplýsingar um sögu Horsens. Æfingar tóku svo við eftir hádegið. Um kvöldið var svo farið í sundhöll Horsens og haft mjög gaman af.

Á fimmtudeginum fórum við með rútu og skoðuðum enn meira af Horsens og fengum enn ítarlegi upplýsingar um bæinn. Eftir hádegi voru svo æfingar. Um kvöldið var útigriðveisla. Grillaðar voru pylsur, sungið og haft það mjög gott á yndælu sumarkvöldi í Horsens.

Á föstudeginum var haldið af stað í ferðalag. Við fórum í Jylling kikju og skoðuðum hana. Komið var við í Törskind Grusgrav en þar er útivistarsvæði með gönguleiðum þar sem búið er að búa til listaverk í náttúrinni. Endað var í Legolandi okkur til mikillar gleði og áttu þátttakendur frjálstan tíma þar. Um kvöldið var okkur boðið á risastóra útitónleika í Horsens sem voru sendir út í sjónvarpinu. Þvílík upplifun!!

Á laugardagsmorgun héldum við útitónleikana í miðbæ Horsens og eins og hefur komið fram heppnuðust þeir einstaklega vel og voru allir mjög sáttir. Eftir hádegi fengum við svo frítíma og þá var nú farið og verslað. Um kvöldið var svo formleg slit á mótinu.

Okkur var boðið út að borða í þriggja rétta máltíð, allir klæddu sig fínt og nutu kvöldsins. Einstaklingar frá hverjum og einum bæ komu upp og þökkuðu fyrir sig. Hefð er að gefa öllum gjafir og var það auðvitað gert í þetta skiptið líka. Við gáfum þátttakendunum staup, leiðbeinendur fengu stein með mynd af kennileitum frá Íslandi og Horsens kommune fékk bók um Ísland. Seinna um kvöldið var svo farið upp í skóla og haft gaman fram eftir nóttu. Um nóttina fóru Finnarnir heim og á sunnudeginum týndust svo allir heim á leið.

Á heimleiðinni lentum við í miklum ævintýrum þar sem verkfall var á Kastrup. Við vorum í sex tíma í röð og þurftum að hlaupa í gegnum fríhöfnina til að ná flugvélinni. Farangurinn kom nú ekki með okkur heim og fengum við hann ekki fyrr en tæpri viku seinna.

Móttökur, skipulag og gestrisni Dana var til fyrirmyndar. Hugsað var fyrir öllu og dagskráin höfð fjölbreytt og áhugaverð. Auðvitað var lagt mikið upp úr að einstaklingarnir blönduðust og mynduðu tengsl en það er auðvitað aðal tilgangur þessara móta.

Þessi ferð er okkur ógleymanleg og ómetanleg reynsla. Ég lít á vinarbæjarheimsóknir sem mikilvægt tækifæri til að kynnast menningu annarra landa og fólki með annan bakgrunn. Að fara í vinarbæjarheimsókn eflir okkur sem einstaklinga og opnar augu okkar enn betur fyrir ýmsum þáttum í tilverunni.

Takk kærlega fyrir að veita okkur þetta tækifæri!

Fyrir hönd hópsins,
Helga Kristín Gestsdóttir